



-Að læra að læra-

Námsstílslíkan Dunn og Dunn

sem leið í einstaklingsmiðuðu námi



Lokaskýrsla um þróunarverkefni
unnið í Snælandsskóla Kópavogi 2008–2009

Höfundur skýrslu: Guðbjörg Emilsdóttir

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Inngangur	4
Markmið.....	6
Rökstuðningur og skýringar.....	6
Námsstílslíkan Dunn og Dunn	7
Lýsing á verkefninu, skipulagi og framkvæmd	8
Stjórnun verkefnisins	8
Faglegur stuðningur og ráðgjöf.....	8
Framkvæmdaáætlun fyrsta árið	9
Námskeið á skipulags- og undirbúningsdögum 25. og 26. febrúar.....	9
Að kynna námsstílslíkanið fyrir nemendum.....	10
Að greina námsstíl?	11
Að tengja námsstílsmarkmiðin faglegum markmiðum.....	12
Námsumhverfið – skólastofan og námsgögnin	12
Niðurstöður verkefnisins	14
Kostnaðaráætlun.....	15
Heldur verkefnið áfram innan skólans?	15
Kynning á verkefninu	15
Mat.....	16
Lokaorð	18
Heimildir og tilvísanir:	19



*Að læra að læra, námsstílslíkan Dunn og Dunn
sem leið að einstaklingsmiðuðu námi*

Samantekt

Umsjón: Hanna Hjartardóttir og Guðbjörg Emilsdóttir sem jafnframt var ráðgjafi hópsins.

Stýrihópur: Agnes Jóhannsdóttir, Anna Mjöll Sigurðardóttir, Drífa Sigurjónsdóttir, Guðbjörg Emilsdóttir, Hanna Hjartardóttir, Helgi Helgason, Jóhann Ólafsson, Unnur Sólrún Bragadóttir

Aðrir þátttakendur: Allt starfsfólk skólans

Markmið: Meginmarkmiðið er að starfsfólk skólans kynni sér hugtakið námstíll og námsstílslíkan Dunn og Dunn. Kennarar geri tilraunir með að nota þætti úr námsstílslíkaninu sem aðferð til að einstaklingsmiða nám og til að efla námsvitund nemenda.

Rökstuðningur:

Hugtakið einstaklingsmiðað nám er mjög vítt og ekki öruggt að allir skilji það á sama hátt. Þó notaðir séu fjölbreyttir og sveigjanlegir kennsluhættir er ekki þar með sagt að nám hvers og eins nemenda sé einstaklingsmiðað. Að taka tillit til námsstíls nemenda er ein leið sem fara má til að auðvelda kennurum að einstaklingsmiða nám á markvissan hátt. Að fræða nemendur um námsstíl og hjálpa þeim að finna námsstíl sinn getur hjálpað kennurum og nemendum að finna kennslu- og námsaðferðir sem henta hverjum og einum, aukið námsvitund og árangurinn af kennslunni getur orðið betri.

Lýsing á námsstílslíkani Dunn og Dunn

Dr. Ríta Dunn og dr. Kenneth Dunn eru höfundar námsstílslíkans sem kennt er við þau. Rætur kenninga þeirra eiga uppruna sinn í tveimur ólíkum námskenningum, kenningum vitsmunasálfræðinnar og kenningum sem hafa þróast út frá nýjustu heilarannsóknunum. Þau skilgreina námsstíl á eftirfarandi hátt: „Námsstíll vísar til þess hvernig einstaklingur einbeitt sér best, meðtekur og vinnur úr, skilur og man nýtt erfitt fræðilegt námsefni. Þetta ferli er mismunandi hjá hverjum og einum. Meirihlutinn er líffræðilegur, hinn er áunninn. Námsstíll breytist hjá sumum með tímanum en mismunandi mikið eftir einstaklingum“. Hornsteinn kenninga þeir er að hver einstaklingur er einstakur, hann getur lært og hefur sinn eigin námsstíl sem ætti að virða og viðurkenna. Enginn námsstíll er betri en annar.

Námsstílslíkani Dunn og Dunn er skipt í 5 flokka. Í hverjum flokki eru nokkrir þættir. Alls eru þeir 20 talsins:

- **Umhverfi** – hljóð, lýsing, hitastig, húsbúnaður og innréttingar.
- **Tilfinningar** – áhugavöt, þrautseigja, ábyrgðartilfinning, þörf fyrir skipulag (reglu).
- **Félagslegir þættir** – vinnur best einn, með öðrum, í litlum hópi eí teymi, með stjórnanda (fullorðnum), breytileiki (mismunandi, fer eftir verkefnum).
- **Lífæðisfræðilegir þættir** – skynjunarþættirnir sjónrænt, heyrnrænt, snerting, hreyfing, þörf fyrir mat og drykk, þörf fyrir hreyfingu og tími dagsins.
- **Sálfræðilegir þættir** – heildræn hugsun, greinandi hugsun, hvatvísi, ígrundun.

Niðurstöður

Verkefnið er liður í endurmenntunaráætlun skólans. Gert er ráð fyrir því í þróunaráætluninni að verkefnið taki allt að fimm ár. Fyrsta árið var ætlunin að kennarar og aðrir starfsmenn skólans byrjuðu að kynna sér hugtakið námstíll og námsstílslíkan Dunn og Dunn. Áætlunin breyttist eftir því sem leið á veturinn og komumst við í raun lengra á fyrsta árinu en við höfðum áætlað. Skipti þar mestu að við fengum fyrirlesara frá Danmörku, Helle Fisker kennsluráðgjafa og sérfræðing í námsstílskenningum Dunn og Dunn, til að halda námskeið fyrir okkur í skólanum. Kveikti hún virkilega áhuga hjá kennurunum á viðfangsefninu og byrjuðu margir að nota þætti úr námsstílslíkaninu strax eftir námskeiðið. Fleiri skólar í Kópavogi nutu góðs af heimsókn hennar svo og menntavísindasvið HÍ. Við þýddum greiningarlista til að greina námsstíl og útbjuggum ýmis veggspjöld sem gott er að hafa í námsstílsvinnunni. Í mati á verkefninu sem gert var í lok skólaársins kom fram að allir töldu að þetta verkefni hefði haft mjög jákvæð áhrif á skólastarfið og aukið faglega umræðu í skólanum. Stefnt er að því að halda þróunarstarfinu áfram næstu árin. Við hyggjumst kynna verkefnið á málþingi menntavísindasviðs HÍ í október 2009. Einnig erum við tilbúin að koma í skóla með kynningar ef áhugi er fyrir hendi.

Inngangur

Snælandsskóli var stofnaður haustið 1974 og er því 35 ára um þessar mundir. Nemendafjöldi er um það bil 450 og kennarar og annað starfsfólk telur um 70 manns. Markmið Snælandsskóla er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast, að nemendur þjálfi færni sína náms-, félags- og tilfinningalega og að komið sé sem best til móts við þarfir hvers og eins. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og að skólastarfið sé opið samvirkt og sveigjanlegt.

Skólaárið 2005-2006 tóku allir kennarar skólans þátt í námskeiði um einstaklingsmiðað nám. Skólaárið 2007-2009 hefur verið unnið að því að endurskoða námsmatið og námskeið haldið í sambandi við það. Námskeiðin voru liður í endurmenntunaráætlun skólans og haldin undir leiðsögn aðila frá menntavísindasviði HÍ. Í tengslum við þau voru veturna 2006-2008 haldnar málstofur þar sem kennarar kynntu starf sitt hver fyrir öðrum. Undirrituð hafði kynnt sér námsstílslíkan Dunn og Dunn í framhaldsnámi sínu í Kennaraháskóla Íslands og hafði gert stórt verkefni og vefsíðu ásamt Guðlaugu Einarsdóttur og Hrund Hjaltadóttur. Verkefnið var kynnt í einni málstofunni. Kynningin vakti áhuga og forvitni. Hugtakið námsstíll er íslensku skólafólki framandi. Í ljós kom að margir innan skólans höfðu ekki heyrt það áður. Umræða spannst um hvort ekki mætti nota námsstílslíkan Dunn og Dunn sem lið í því að viðhalda áhuga kennaranna á einstaklingsmiðuðu námi og gera það fjölbreytta starf sem unnið er í skólanum markvissara í þá veru að taka betur tillit til þarfa hvers og eins. Í framhaldi af þeirri umræðu var ákveðið að áætlun um þróunarverkefni sem fjallaði um námsstílslíkan Dunn og Dunn yrði kynnt veturinn 2007-2008 en sérstaklega tekin fyrir af fullum krafti veturinn 2008-2009 ef áhugi væri fyrir hendi. Ákveðið var að verkefnið yrði liður í endurmenntun kennara og að sótt yrði um styrk til Þróunarsjóðs grunnskóla.

Hvað varðar þekkingu á kenningum um námsstíll og á námsstílslíkani Dunn og Dunn eru flestir kennararnir á sama báti og munu því allir sem taka þátt í verkefninu læra hver með öðrum og með nemendum sínum. Að vinna samkvæmt námsstílskenningum getur krafist grundvallarbreytinga á viðhorfum og hugsunarhætti kennara. Jafnframt krefst það breytinga á námsumhverfi. Farið er frá hinu hefðbundna formi yfir í sveigjanlegt form. Alls ekki er talið vænlegt að þvinga kennara til þess að nota námsstílslíkan Dunn og Dunn. Vænlegra sé að þeir sem hafi áhuga byrji og reyni síðan að vekja áhuga annarra smátt og smátt. Það er ætlun okkar að hafa þann háttinn á. Verkefnið tengist allri starfsemi skólans og nær til alls starfsfólks hans.

Það mun væntanlega hafa áhrif á viðhorf þátttakenda til náms og kennslu og stuðla að starfsþróun kennaranna.

Í ágúst 2008 var skipaður stýrihópur til þess að halda utan um verkefnið. Verkefnisstjórar eru Hanna Hjartardóttir skólastjóri og Guðbjörg Emilsdóttir, sem jafnframt er ráðgjafi hópsins. Í stýrihópnum eru auk þeirra Jóhann Ólafsson aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri á yngsta stigi, Anna Mjöll Sigurðardóttir deildarstjóri á miðstigi, Helgi Helgason deildarstjóri á elsta stigi, Drífa Sigurjónsdóttir námsráðgjafi, Agnes Jóhannsdóttir fagstjóri í sérkennslu og Unnur Sólrún Bragadóttir umsjónarkennari. Áhersla er lögð á að stýrihópurinn skipti með sér verkum og dreifi verkefnum til annarra kennara eftir því sem þróunarverkefninu miðar áfram. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki allt að fimm ár.

Júní 2009

Guðbjörg Emilsdóttir

Markmið

Titill verkefnisins er: *Að læra að læra – námsstílslíkan Dunn og Dunn sem leið í einstaklingsmiðuðu námi.*

Meginmarkmiðið er :

- Að viðhalda þeim áhuga sem þegar hefur kviknað í skólanum á því að vinna markvissara að einstaklingsmiðuðu nám.
- Að kennarar skólans kynni sér hugtakið námsstíll og notkun námsstílslíkans Dunn og Dunn sem leið að einstaklingsmiðuðu námi og bættum námsárangri nemenda
- Að kennarar geri tilraunir með að nota þætti úr námsstílslíkaninu sem aðferð eða verkfæri til að einstaklingsmiða nám, til að efla námsvitund nemenda og bæta námsárangur þeirra.
- Að stuðla að starfsþróun kennaranna.

Rökstuðningur og skýringar

Hægt er að nota margar aðferðir við að einstaklingsmiða nám. Hugtökin „opinn, samvirkur og sveigjanlegur“, fjölbreyttir og sveigjanlegir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru mjög víð og ekki öruggt að allir skilji þau á sama hátt. Þó notaðir séu fjölbreyttir og sveigjanlegir kennsluhættir er ekki endilega þar með sagt að nám hvers og eins nemenda sé markvisst einstaklingsmiðað. Spyrja má hvort nauðsynlegt sé að greina námsstíl nemenda og aðlagða kennslu námsstíl hvers og eins til þess að einstaklingsmiða nám. Svarið er trúlega nei. Kennari sem gerir sér grein fyrir að nemendur eru ólíkir og læra á mismunandi hátt þarf ekki nauðsynlega að greina námsstíl nemenda sinna til þess að koma til móts við þarfir þeirra. En það að fræða nemendur um námsstíl og hjálpa þeim að finna námsstíl sinn getur hjálpað kennurum og nemendum að finna aðferðir sem henta hverjum og einum betur en ella og árangurinn af kennslunni getur orðið betri (Dunn, Dunn og Perrin 1994; Tomlinson, 2001).

Lena Boström (2004) segir að námsstílsleiðin snúist í raun um tvennt. Annars vegar hvernig kennari einstaklingsmiðar kennslu sína eins vel og hægt er til þess að gera kennsluna áhrifaríkari. Hins vegar ef við vitum hvernig við lærum best verður allt nám auðveldara, og námsvitund okkar eykst. Rita Dunn (1993) segir ennfremur að það að taka tillit til námsstíls nemenda bæti hegðun, geri viðhorf nemenda til náms jákvæðara og auki námsárangur. Til þess að einfalda kennurum að einstaklingsmiða nám og gera það markvisst er vænlegra að byrja smátt og velja til að mynda eina eða tvær leiðir fremur en að gera margt í einu sem erfitt er að hafa yfirsýn yfir og verður jafnvel óyffirstíganlegt. Að taka tillit til námsstíls nemenda er ein leið sem fara má.

Námsstílslíkan Dunn og Dunn

Námsstíll er þýðing á enska hugtakinu *learning style*. Námsstíll snýst um styrkleika okkar, hvernig við lærum best og við hvaða aðstæður okkur líður best þegar við lærum nýja hluti. Við lærum á mismunandi hátt og höfum mismunandi þarfir. Það sem er mikilvægt fyrir hvern einstakling í námsferlinu kallast námsstíll (Boström, 2004).

Í kringum 1970 hófu kennslu- og sálfræðingar í Bandaríkjunum að þróa námsstílslíkön með það að markmiði að auka námsárangur. Ýmsar kenningar og skilgreiningar eru nú til um námsstíl og þróaðir hafa verið greiningarlistar til að meta námsstíl og námsstílslíkön til að vinna eftir. Munu þau vera ríflega 70 að tölu. Námsstílslíkan Dunn og Dunn er eitt það þekktasta í Bandaríkjunum. Rita og Kenneth Dunn skilgreina námsstíl þannig: „Námsstíll vísar til þess hvernig einstaklingur einbeitir sér best, meðtekur og vinnur úr, skilur og man nýtt erfitt fræðilegt námsefni. Þetta ferli er mismunandi hjá hverjum og einum. Meirihlutinn er líffræðilegur, hinn er áunninn. Námsstíll breytist hjá sumum með tímanum en mismunandi mikið eftir einstaklingum“ (Dunn og Dunn, 1993).

Rita og Kenneth Dunn hafa starfað lengst af sem prófessorar við kennaradeild *St. John's University* í New York. Í 35 ár hafa þau unnið að þróun kenninga sinna um námsstíl. Margar víðtækar og ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á námsstílslíkani þeirra á mismunandi nemendahópum allt frá leikskólum til háskóla (Dunn, Dunn, og Perrin, 1994).

Rætur kenninga þeirra eiga uppruna sinn í tveimur ólíkum námskenningum, kenningum vitsmunasálfræðinnar og kenningum sem hafa þróast út frá nýjustu heilarannsóknum. Kenningin sem vísar til vitsmunasálfræðinnar byggir á þeirri hugmynd að einstaklingar meðtaka og vinna úr upplýsingum á mismunandi hátt sem annað hvort er lærður eða hefur erfst. Kenningin sem vísar til heilarannsókna byggir á niðurstöðum rannsókna er sýna hvernig heilahvelin vinna. Hornsteinn kenninga Dunn og Dunn er að hver einstaklingur er einstakur, hann getur lært og hefur sinn námsstíl sem ber að viðurkenna og virða.

Mikilvægustu þættirnir í kenningum flestra sem fjalla um námsstíl eru skynjunin og mismunandi starfssemi heilahvelanna, það er hvort við erum greinandi eða heildræn í hugsun. Dunn og Dunn taka inn fleiri þætti. Það eru þættir sem lúta að að umhverfinu, tilfinningum og velliðan.

Námsstílslíkani Dunn og Dunn er skipt í 5 flokka. Í hverjum flokki eru nokkrir þættir. Alls eru þeir 20 talsins. Flokkarnir eru:

- **Umhverfi** – hljóð, ljós, hiti, húsbúnaður og innréttingar.
- **Tilfinningar** – áhugahvöt, þrautseigja, ábyrgðartilfinning, þörf fyrir skipulag (reglu).

- **Félagslegir þættir** – vinnur best einn, með öðrum, í litlum hópum eða í teymi, með stjórnanda (fullorðnum), breytileiki (mismunandi hópar).
- **Lífeðlisfræðilegir þættir** – sjónrænt, heyrnænt, snerting, hreyfing (skynjunarþættir), þörf fyrir mat og drykk, tími dagsins, þörf fyrir hreyfingu.
- **Sálfræðilegir þættir** – heildræn hugsun, greinandi hugsun, hvatvísi, ígrundun.

Ekki er ætlast til að unnið sé með alla þættina í einu í byrjun heldur byrjað sé smátt og smátt.

Lýsing á verkefninu, skipulagi og framkvæmd

Verkefnið hófst formlega í ágúst 2008. Gerð var framkvæmdaáætlun til fimm ára. Áætluninni er skipt í áfanga og verkþætti. Fyrsta árið var gert ráð fyrir að aðaláherslan yrði lögð á að starfsmenn skólans kynntust hugtakinu námsstíll og námsstílslíkani Dunn og Dunn. Safnað yrði lesefni sem allir starfsmenn kynntu sér, unnið yrði að þýðingum á greiningarlistum á námsstíl og kennslustíl svo og annars efnis sem tilheyrir námsstílslíkani Dunn og Dunn. Annað árið yrði lögð áhersla á að kennarar sem hafa áhuga geri tilraunir með að nota líkanið og kynni það fyrir nemendum og foreldrum. Þriðja til fimmta árið yrði verkefnið síðan þróað enn frekar og unnið að því að festa það í sessi.

Stjórnun verkefnisins

Skipaður var stýrihópur til þess að hafa umsjón með og stýra verkefninu. Í stýrihópnum eru bæði stjórnendur og kennarar og var það gert til þess að undirstrika samábyrgð stjórnenda og kennara á verkefninu. Áhersla var lögð á að stýrihópurinn skipti með sér verkum og dreifði verkefnum til annarra kennara sem ekki voru í stýrihópnum eftir því sem þróunarverkefninu miðaði áfram. Lögð er rík áhersla á það innan skólans að þetta er samvinnuverkefni sem við hjálpumst að með og lærum hver með og af öðrum. Verkefnið nær því einnig til húsvarðar og skólaliða. Lögð verður áhersla á að hafa þá með frá upphafi þar sem vinnan kallar á breytingar í skólastofunum og á námsumhverfinu.

Faglegur stuðningur og ráðgjöf

Einn af sérkennurum skólans, Guðbjörg Emilsdóttir, sem þegar hafði kynnt sér námsstílslíkan Dunn og Dunn, tók að sér að vera ráðgjafi hópsins og leiða verkefnið ásamt skólastjóranum, Hönnu Hjartardóttur. Jafnframt var ákveðið að leita eftir frekari faglegri ráðgjöf erlendis frá þar eð enginn Íslendingur, okkur vitanlega, hefur sérþekkingu á námsstílslíkani Dunn og Dunn. Leitað var eftir ráðgjöf til hinna Norðurlandanna en ekki Bandaríkjanna þar eð við teljum skólakerfið þeirra líkara okkar en hið bandaríska. Einnig hafði Guðbjörg Emilsdóttir þegar myndað tengsl við skóla á Norðurlöndunum sem starfa markvisst eftir námsstílslíkan Dunn og Dunn með góðum árangri.

Framkvæmdaáætlun fyrsta árið

Nr.	Þáttur – tími	Áætlun – framkvæmd
1	1. árið Skólaárið 2008 – 2009 Undirbúningur, kynning, leshringir, greiningalistar.	Stýrihópur skipaður. Hugmyndin kynnt. Þarfir greindar og rökstuddar. Námsstílslíkan Dunn og Dunn kynnt. Leshringir; kennarar lesa sér til í fræðunum. Greiningalistar til að greina námsstíl þýddir. Kennarar finna sinn eigin náms- og kennslustíl. Skapa sameiginlega sýn.
2	Agúst 2008: Stýrihópur skipaður.	Skólastjóri heldur fund með stýrihópi og ráðgjafa verkefnisins. Hugmynd að þróunaráætlun lögð fram.
3	September 2008: Verkefnið kynnt innan skólans. Undirbúningsvinna stýrihóps og ráðgjafa.	Skólastjóri kynnir verkefnið fyrir öllu starfsfólki skólans. Verkefnisstjóri heldur fræðslufund um þróunarstarf í skólum. Námsstílslíkan Dunn og Dunn kynnt. Stýrihópur ásamt ráðgjafa velur sameiginlegt lesefni til þess að lesa í leshringjum og útvegar það.
4	Október 2008: Námsferð Leshringir Umsjón: Stýrihópur	Stýrihópur og þeir sem áhuga hafa heimsækja skóla erlendis sem starfa samkvæmt námsstílslíkani Dunn og Dunn. Leshringir settir af stað. Þátttakendur eru allir kennarar, stjórnendur og stuðningsfulltrúar ásamt öðrum starfsmönnum sem hafa áhuga. Fundir einu sinni í mánuði, 90 mínútur í senn í átta mánuði.
5	Nóvember 2008 – maí 2009: Leshringir Greiningalistar Umsjón: Stýrihópur	Leshringir að störfum. Greiningalistum safnað saman. Þýddir og útbúnir íslenskir greiningalistar. Stýrihópurinn ásamt áhugasömum kennurum vinna þá vinnu.
6	Maí 2009: Mat. Framkvæmdaáætlun næsta skólaárs kynnt Umsjón: Stýrihópur	Leshringjum lokið. Mat á starfinu fyrsta veturinn. Stýrihópur semur matsspurningar og leggur fyrir þátttakendur. Þeir sem ætla ákveðið að taka þátt í þróunarverkefninu næsta ár fara yfir framkvæmdaáætlunina og áfangaáætlunina með stýrihópnum. Fjárhagsáætlun endurskoðuð.

Námskeið á skipulags- og undirbúningsdögum 25. og 26. febrúar.

Við gerðum breytingar á framkvæmdaáætluninni. Í stað þess að stýrihópurinn og áhugasamir kennarar færu á námskeið og í skólaheimskóknir erlendis var ákveðið að fá fyrirlesara erlendis frá til þess að halda námskeið fyrir starfsmenn skólans og veita okkur fræðilega og hagnýta fræðslu og ráðgjöf og hjálpa okkur að komast af stað að vinna samkvæmt námsstílslíkani Dunn og Dunn. Það var upphaflega á áætlun í ágúst 2009 en færðist fram til febrúar 2009. Samið var við Helle Fisker, danskan sérfræðing í námsstílsfræðum Dunn og Dunn, til þess að halda námskeið fyrir okkur á skipulags- og undirbúningsdögum þann 25. og 26. febrúar.

Helle Fisker er fyrirlesari, ráðgjafi í þróunarverkefnum og námsefnishöfundur. Hún er menntaður kennari og starfaði lengi sem grunnskólakennari, er með Ba. gráðu í mannauðsstjórnun og með réttindi til að kenna um námsstíl samkvæmt kenningum Dunn og

Dunn frá St. Johns University í New York. Hún hefur margra ára reynslu af því að vinna með námsstíl á öllum aldurstigum og í tengslum við mismunandi verkefni. Jafnframt hefur hún hefur sótt námskeið í vinnustíl (working style) hjá Barbara Prasnig á Nýja Sjálandi og lestrarstíl (reading style) hjá Dr. Marie Carbo í USA. Nánari upplýsingar um Helle Fisker má finna á vefslóðinni www.hellefisker.dk

Ákveðið var að bjóða fleiri grunnskólum í Kópavogi að nýta sér hluta af námskeiði Helle Fisker. Hjallaskóli, Kársnesskóli og Vatnsendaskóli þáðu boðið. Kennarar þessara skóla mættu á fyrirlesturinn sem haldinn var í Snælandsskóla miðvikudaginn 25. febrúar kl. 9-12. Fyrirlesturinn sóttu um 150 manns. Haft var samband við SRR (Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf) á menntavísindasviði Háskóla Íslands og kannaður áhugi þeirra á heimsókninni. Fimmtudaginn 26. febrúar kl. 9-12 hélt Helle Fisker fyrirlestur á vegum þeirra. Þann fyrirlestur sóttu tæplega 20 manns sem komu víða að.

Í fyrirlestrum sínum fjallaði Helle Fisker um námsstílskenningu og námsstílslíkan Dunn og Dunn og sýndi með mörgum hagnýtum og líflegum dæmum hvernig tengja má þau raunverulegum aðstæðum í kennslu. Hún fjallaði um og sýndi með myndum hvernig koma má til móts við mismunandi námsstíl með því að skapa fjölbreytt námsumhverfi sem kemur til móts við þarfir nemenda og eykur áhuga þeirra á námi. Helle Fisker leggur áherslu á óhefðbundnar kennsluáðferðir og fjölbreytt námsgögn. Hún notar meðal annars það sem hún kallar námsstílskennslugögn. Hún hafði með sér sýnishorn af námsgögnum sem hún og aðrir kennarar og nemendur höfðu búið til og setti upp litla námsgagnasýningu á staðnum.

Miðvikudaginn 25. febrúar kl. 13-16 og fimmtudaginn 26. febrúar kl. 14-17 vann Helle Fisker eingöngu með kennurum og starfsfólki Snælandsskóla.

Hvernig byrja ég?

Við fengum góðar ráðleggingar frá Helle Fisker varðandi námsstílsvinnuna. Má þar nefna hvernig greina má námsstíl, hvernig kynna má námsstíls hugtakið og líkanið fyrir nemendum, hvernig tengja má námsstíls markmiðin faglegum markmiðum, hvernig skipuleggja má námsumhverfi sem tekur mið af þörfum hvers og eins, leiðbeiningar varðandi námsgagnagerð og hvernig best er að byrja. Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsu sem fram kom á námskeiðinu ásamt öðru sem við lásam okkur til um og teljum hagnýtt.

Að kynna námsstílslíkanið fyrir nemendum.

Fara má ýmsar leiðir að því að kynna hugtakið námsstíll og námsstílslíkan Dunn og Dunn fyrir nemendum. Reynst hefur vel að kennarinn byrji á því að útskýra námsstíl sinn fyrir þeim.

Hvetja má nemendur til að velta fyrir sér hvernig þeim finnst best að vinna heimavinnuna. Þá er hægt að fara að ræða um að við séum ólík og lærum best á mismunandi hátt. Allir hafa sinn námsstíl. Hvetja má nemendur til að velta fyrir sér námsstíl félaganna og fjölskyldunnar. Það er t.d. mjög líklegt að systkini hafi ólíkan námsstíl, börn hafi annan námsstíl en foreldrarnir, mamma hafi annan en pabbi og svo framvegis. Smám saman átta börnin sig á því að innan hvers bekkjar eru ólíkir einstaklingar með mismunandi námsstíl. Þau byrja að skilja að styrkleikar vinanna eru ekki endilega þeir sömu og læra að bera virðingu fyrir námsstíl hvers og eins (Boström, 2003; Dunn og Dunn, 1993; Schmidt, 2003)

Hafa ber í huga að ekki er hægt að vinna með öll 20 atriðin í námsstílslíkaninu í einu og að ekki er unnið samkvæmt því allan daginn í öllum kennslustundum heldur eingöngu þegar verið er að vinna með eitthvað nýtt og erfitt efni sem nemendur eiga að læra. Kennurum er ráðlagt að byrja á því að kynna aðeins eitt atriði í einu fyrir bekknum, vekja áhuga nemenda á nýbreytninni og gera tilraunir og uppgötvanir með nemendunum (Helle Fisker, 2009). Mikilvægustu atriðin eru fimm þættir, þ.e.: Hugsunin, heildræn eða greinandi, skynfærni-þættirnir, lýsing, uppröðun í stofunni (húsbúnaður) og tími dagsins.

Að greina námsstíl?

Eitt það fyrsta sem kennurum er ráðlagt að gera er að greina eigin náms- og kennslustíl. Dunn og Dunn benda á að samhengi sé milli námsstíls og kennslustíls kennarans. Kennari kennir oftast ómeðvitað eins og hann lærir best sjálfur. Forsenda fyrir því að geta farið að vinna með námsstíl nemenda er að kennarinn þekki sinn eigin náms- og kennslustíl. Ef kennari gerir það ekki eru það þeir nemendur sem hafa sama námsstíl og kennarinn sem fá mest út úr kennslustundunum. Með því að gera sér grein fyrir þessu eru meiri líkur á því að kennari taki tillit til þeirra nemenda sem hafa annan námsstíl en hann. Lene Boström (2003) segir að samkvæmt rannsóknum í Bandaríkjunum hafi 65% af 5000 kennurum verið greinandi í hugsun og kenni þannig. Um það bil 75% af yngstu nemendunum hafi verið heildrænir í hugsun og 50% af þeim eldri. Þetta er umhugsunarefni fyrir kennara og gefur þeim ástæðu til þess að athuga vel kennslustíl sinn. Þegar kennari tekur mið af námsstíl nemenda sinna breytist hlutverk hans. Hann fer úr hinu „hefðbundna“ kennarahlutverki yfir í hlutverk leiðbeinandans. Jafnframt notar hann mun fjölbreyttari kennslugögn en áður (Boström, 2003). Helle Fisker lagði mikla áherslu á að kennarar skoðuðu virkilega vel hvernig þeir kenna og endurskoðuðu hvernig þeir haga innlögnum og kennslu sinni.

Helle Fisker (2009) telur ekki brýnt að nota greiningarlista til að greina námsstíl nemenda. Rök hennar eru þau að nemendur svara oft eins og þeir halda án þess að hafa

raunverulega prófað möguleikana. Annað er að viðurkennda greiningarlista þarf að kaupa aðgang að og getur það verið kostnaðarsamt fyrir skóla. Segja má að skoðun hennar sé andstæð því sem Rita Dunn mælir með, en hún leggur áherslu á að greina námsstílinn nákvæmlega með greiningarlistum. Helle Fisker telur árangursríkara að kennarinn gefi nemendum kost á að prófa að vinna samkvæmt hinum ólíku þáttum námsstílslíkansins til að mynda í tvær til þrjár vikur í senn. Kennarinn útbýr gátlista og metur síðan ásamt nemandanum hvernig gekk. Gæta þarf þess vel að nemendur velji ekki að vinna eins og félagarnir ef það hentar ekki námsstíl þeirra. Það á ef til vill einkum við um unglingana. Þessi leið að finna námsstíl nemenda gæti hentað okkur betur en að nota greiningarlista einkum þar sem ekki eru til viðurkenndir íslenskir greiningarlistar. Samhliða því að kanna námsstíl einstaklinganna má finna út úr námsstíl bekkjarins.

Að tengja námsstílsmarkmiðin faglegum markmiðum

Þegar nemendur byrja að vinna samkvæmt námsstíl sínum eru þeir þjálfaðir í að setja sér markmið þar sem fagleg markmið og námsstílsmarkmiðin tengjast. Þeir eru þjálfaðir í að meta hvort það að læra samkvæmt námsstílnum skilar árangri eða ekki. Sem dæmi má taka ef nemendur sýna ekki betri árangur með því að hlusta á tónlist á meðan þeir læra er engin ástæða fyrir þá að vera með tónlist í eyrunum þó svo að þeir segist vilja það.

Kenna má nemendum um leið og þeir hafa aldur til að setja sér markmið. Það má gera á einfaldan hátt með því að spyrja: Hvað ætla ég að gera/læra, hvernig og hvenær? Síðan þarf að meta hvort markmiðin hafa náðst. Fagleg markmið er skýr útlistun á því hvers vænst er að nemandinn kunni þegar hann er búinn að fara vel í gegnum efnið. Fjöldi markmiða á að passa einstaklingnum, aldurshópnum, efninu og tímanum sem er til ráðstöfunar. Hvert markmið á að vera skýrt og einfalt þannig að það þurfi ekki nánari útskýringu. Markmiðin eiga að vera sýnileg svo nemandinn geti alltaf séð þau þegar hann þarf. Hvernig við ætlum að ná markmiðunum snýr að námsstílnum. Hvaða leið ætla ég að fara? Hvaða leið hentar námsstílnum mínum best? Í raun geta allir nemendur í hópnum stefnt að sama faglega markmiðinu en leiðirnar að því eru mismunandi.

Námsumhverfið – skólastofan og námsgögnin

Þjóða þarf nemendum upp á mismunandi svæði í skólastofunni sem gefa þeim tækifæri til að vinna á þann hátt sem er eðlilegt fyrir þá og sem hentar námsstíl þeirra. Ein leiðin fyrir kennara að hefjast handa eftir að þeir hafa skoðað kennslustíl sinn og kynnt námsstílsþugtakið er að byrja á að skoða skólastofuna sína. Hvernig er hún útbúin húsgögnum? Hverju er hægt að breyta án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar? Hvað með lýsinguna og hitastigið? Það þarf oft

ekki að kosta miklu til svo hægt sé að breyta lítillega. Breyta má uppröðun borða, setja borð út við glugga fyrir þá sem það hentar betur, setja upp skilrúm, útbúa aðstöðu fyrir þá sem vilja fá að standa og útbúa svæði með dýnu, púðum, sófa eða mjúkum stólum.

Breyting á stofunni þýðir meira en bara að flytja til húsgögn, það þýðir:

- Öruggt umhverfi
- Viðurkenningu frá félögunum
- Viðurkenningu frá kennurunum
- Röð og reglu
- Þægilegt bæði andlega og líkamlega
- Virðing borin fyrir vinnunni og vinnuaðstæðunum í skólastofunni

Nemendum er strax gert ljóst að í skólastofunni er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að vinna samkvæmt námsstíl sínum má ekki trufla aðra nemendur sem eru með annan námsstíl. Þannig læra þeir að taka tillit, setja sig í spor annarra og sýna umburðarlyndi. Börnin læra smátt og smátt að við erum ólík, höfum mismunandi þarfir og að enginn námsstíll er öðrum betri (Boström, 2003).

Dunn og Dunn leggja áherslu á að komið sé til móts við þarfir allra nemenda, ekki bara þeirra sem eru sterkir heyrnrænt og sjónrænt heldur einnig þeirra sem læra best í gegnum snerti- og hreyfiskynið. Samkvæmt Dunn og Dunn sinnir skólakerfið vel nemendum sem eru sterkir heyrnrænt, sæmilega þeim sem eru sterkir sjónrænt í gegnum lestur, en illa þeim sem eru með sterkt snerti- og hreyfiskyn. En það er sá hópur sem vegnar verst í skólakerfinu, brottfallsnemendurnir (Dunn og Dunn, 1993). Þess vegna leggja þau mikla áherslu á að námsgögn séu fjölbreytt og áþreifanleg. Í bókum þeirra má finna ýmsar góðar leiðbeiningar um námsgagnagerð sem kennarar, nemendur og foreldrar geta útbúið saman. Námsgögnin bera svip af spilum og leik og eru þess vegna áhugahvetjandi. Námsgögnin eiga helst að vera þannig að nemandinn geti strax séð réttar lausnir og leiðrétt sjálfur. Óttinn við að gera mistök, standa sig ekki eða verða hræddur, minnkar eða hverfur alveg. Nemendur geta/eiga sjálfir að búa til námsgögnin. Þeir þjálfast og læra mikið á því og um leið er komið til móts við sköpunarþörf þeirra. Æskilegt er að plasta spjöld og spil svo þau endist lengur. Námsgögnin eru endurnýtanleg. Þau þurfa að eiga sinn stað í skólastofunni og kenna þarf nemendum að ganga vel um þau. Ýmsir halda því fram að þessi vinnubrögð séu eingöngu fyrir yngri nemendur en reynslan sýnir að eldri nemendur hafa ekki síður þörf fyrir námsgögn og vinnubrögð af þessu tagi (Asplund og Mägi, 2009).

Á námskeiðinu með Helle Fisker fengum við að sjá ýmis námsgögn sem unnin voru samkvæmt kenningum Dunn og Dunn. Flest þeirra voru búin til af nemendum og kennurum. Einnig var hún með námsgögn sem hún og fleiri höfðu framleitt og hafið sölu á. Óhætt er að

segja að farið hafi um suma eldri kennari þegar þeir sáu að nú áttum við að fara að „föndra“ aftur og búa til námsspil eins og mikið var gert af á árunum 1970-1980. Aðrir urðu glaðir, brettu upp ermar og útbjuggu ýmis gagnleg námsspil og gögn (sjá myndir í fylgiskjali).

Niðurstöður verkefnisins

Meginmarkmið þróunarverkefnisins fyrsta árið var að kynna hugtakið námsstíll og námsstílslíkan Dunn og Dunn fyrir kennurum og öðrum starfsmönnum skólans. Jafnframt átti að vinna ýmis undirbúningsverkefni til að auðvelda þeim sem höfðu áhuga á að vinna markvisst með námsstíl að komast í gang. Við teljum að markmiðunum hafi verið náð. Verkefnið fór strax af stað eins og áætlað var. Okkur tókst að halda fyrirhugaðri áætlun að hluta til en gerðum breytingar á henni eftir því sem leið á veturinn. Með breytingunum komumst við lengra en við ætluðum okkur í upphafi.

Ekki tókst að koma af stað reglulegum leshringsfundum. Ástæða þess gæti meðal annars verið sú að verið var að vinna þróunarverkefni um námsmat samhliða námsstílsverkefninu ásamt fleiri þróunarverkefnum. Ef til vill höfðum við færst of mikið í fang í einu. En geta má þess að þessi tvö verkefni svo og önnur sem við höfum verið að vinna að undanfarin ár falla mjög vel hvert að öðru (sjá www.snaelandsskoli.is). Í stað leshringjanna voru nokkrir kennarafundir, ýmist heilir eða hluti af þeim, nýttir til þess að fjalla um námsstíl. Kennurum voru útvegaðar bækur og nokkrar greinar til lestrar. Greinum og öðru efni tengt verkefninu var safnað inn á sameign kennara á innra tölvuneti skólans og kennarar hvattir til þess að lesa sér til, kynna sér efnið og setja sjálfir inn efni.

Fyrri hluti vetrar fór í að kynna námsstílslíkan Dunn og Dunn fyrir starfsmannahópnum. Guðbjörg Emilsdóttir sá um þá kynningu. Þýddur var greiningarlisti úr efni sem við fengum frá Svíþjóð. Þann lista geta kennarar notað til viðmiðunar við greiningu á námsstíl sínum og nemenda. Kennarar æfðu sig í að greina náms- og kennslustíl sinn. Hafinn var undirbúningur að gerð ýmissa veggspjalda og unnið var að því að fá erlenda fyrirlesara.

Síðari hluta vetrar var haldið námskeið með erlendum fyrirlesara og ráðgjafa, Helle Fisker. Hafin var vinna við ýmis konar gátlista sem geta nýst kennurum, nemendum og foreldrum í námsstílsvinnunni. Lokið var vinnu á veggspjalda með námsstílslíkan Dunn og Dunn og hafinn undirbúningur að gerð fleiri veggspjalda sem við hyggjumst hengja upp í kennslustofur kennurum og nemendum til hvatningar og stuðnings.

Námskeiðið með Helle Fisker var okkur mikil hvatning og hafði tilætluð áhrif á kennarahópinn. Umræðan um námsstíl hafði verið í gangi alla haustönnina en jókst til muna eftir námskeiðið. Helle tókst annars vegar að vekja áhuga þeirra sem ekki voru sérlega

áhugasamir í upphafi og hins vegar að koma kennurum af stað með vinna samkvæmt námsstílslíkaninu og æfa sig í námsgagnagerð.

Það sem kennararnir gerðu einkum var að byrja á því að ræða um námsstíl við nemendur og fóru síðan samhliða því að huga að umhverfisþættinum, félagslega þættinum og skynfærniþættinum. Gerðar voru tilraunir með að skapa meiri sveigjanleika í námsaðstæðunum. Það var gert með því að breyta skipulagi og uppröðun í kennslustofunum, bæta inn púðum, dýnum, hægindastól og sófa. Sumir fóru að huga betur að hitastigi, lýsingu og hljóði. Gerðar voru ýmsar tilraunir varðandi samsetningu hópa, svo sem einn, par, samvinna, teymi og með aðstoð kennara. Kennarar gerðu tilraunir með að útbúa og nota fjölbreyttari námsgögn sem koma til móts við nemendur með sterkt snerti- og hreyfiskyn (hands-on-learning og learning by doing). Að sögn kennaranna var mikil gleði meðal nemenda með þessi námsgögn.

Kostnaðaráætlun

Í umsókn okkar um þróunarstyrkinn gerðum við kostnaðaráætlun til tveggja ára. Við fengum góðan styrk frá Þróunarsjóði grunnskóla sem við erum þakklát fyrir. Kostnaðaráætlunin breyttist samfara breytingum á framkvæmdaáætluninni. Bankahrúnið hafði áhrif á verkefnið og höfðum við ekki úr eins miklum fjármunum að spila og við höfðum gert ráð fyrir í upphafi. Við teljum að okkur hafi tekist að nýta styrkinn skynsamlega og vel.

Heldur verkefnið áfram innan skólans?

Ætlunin er að verkefnið haldi áfram innan skólans. Unnið verður samkvæmt áætlun annars árs nema hvað að nú er ekki stórt námskeið á döfinni þar sem þegar er búið að halda það. Á skipulagsdögum í ágúst er þess í stað áætlað að vera með góðan fund þar sem við rifjum upp það sem við gerðum s.l. vetur og miðlum reynslu okkar og ákveðum hvernig við ætlum að halda áfram. Við lagt drög að því að fá kennara frá öðrum íslenskum skóla sem einnig er að vinna með námsstílslíkan Dunn og Dunn á þennan fyrsta fund til að segja okkur frá sinni reynslu.

Kynning á verkefninu

Þegar hefur farið fram nokkur kynning á verkefninu. Stutt kynning fyrir foreldra var sett á heimasíðu skólans. Nokkrir kennarar hafa nú þegar kynnt námsstílslíkanið fyrir foreldrum. Verkefnið verður kynnt nánar fyrir nemendum næsta vetur. Fyrirhugað er að vera með nánari kynningu næsta haust bæði á heimasíðunni og á foreldrafundum.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir nokkrum skólum í Kópavogi. Það var gert með því að bjóða þeim á fyrirlestur Helle Fisker. Verkefnið var kynnt fyrir SRR menntavísindasviði HÍ og hélt Helle Fisker fyrirlestur þar. Kennarar úr skólunum í Kópavogi sem sóttu fyrirlesturinn svo og þeir sem sóttu fyrirlesturinn á vegum SRR í HÍ lýstu yfir mikilli ánægju með fyrirlestrana og hafa sumir lýst yfir áhuga á að fá meiri fræðslu og vinna áfram á þessum nótum. Verkefnið hefur þegar verið kynnt fyrir einum skóla á landsbyggðinni. Skólinn hyggst kynna verkefnið á málþingi menntavísindasviðs HÍ sem haldið verður í október 2009. Ef einhverjir hafa áhuga á að fá kynningu, nýta sér framkvæmdaáætlun okkar, veggspjöld eða annað efni sem við höfum útbúið má hafa samband við Snælandsskóla.

Mat

Þróunarverkefnið var metið tvisvar yfir skólaárið, í desember og í byrjun júní. Kennarar voru beðnir að svara matslista. Í desember var matið gert skriflega. Tveir listar voru lagðir fyrir. Annar var þannig að merkja átti með já, nei, stundum eða oft. Hinum átti að svara í samfelldu máli. Í júní var matið framkvæmt á tölvu. Það var líka tvískipt. Annars vegar svarað með mjög vel/gott, vel/gott, nokkuð vel/gott, veit ekki eða hef ekki skoðun. Hins vegar voru kennarar beðnir um að svara skriflega hvaða þætti úr námsstílslíkaninu þeir höfðu prófað að vinna eftir, hvað þeim fannst hafa gengið vel, hvað mætti betur fara og hvað þeim finnst að við hér í skólanum ættum að gera til þess að halda áfram með verkefnið? Í báðum tilfellum svöruðu um það bil 2/3 hluti kennarahópsins eða 25-27 manns.

Í matinu sem framkvæmt var í desember kom fram að:

- Allir töldu sig geta nýtt sér að einhverju leyti þá kynningu og fræðslu sem þegar hafði verið boðið upp á.
- Flestir töldu að kennarar almennt tækju að einhverju leyti tillit til námsstíls nemenda sinna.
- Flestir töldu að þeir gætu komið betur til móts við þarfir nemenda sinna með því að taka mið af námsstíl þeirra.
- Flestir voru tilbúnir að nota þætti úr námsstílslíkani Dunn og Dunn og leggja á sig meiri vinnu til þess að taka þátt í þróunarverkefninu.
- Mikill meirihluti kennaranna sá fyrir sér að þeir myndu gera einhverjar breytingar á kennslu sinni eftir að hafa kynnt sér kenningar um námsstíl.

Í matinu sem framkvæmt var í júní kom fram að :

- Meirihluti kennaranna taldi námskeiðið með Helle Fisker nýtast sér vel eða nokkuð vel, sérstaklega fræðilegi hlutinn.
- Um helmingur segist skipuleggja kennslu sína meira með námsstíl nemenda sinna í huga nú en fyrir námskeiðið með Helle Fisker.
- Mikill meirihluti telur að vinna með námsstíl auki námsvitund nemenda, bæti árangur í námi og hafi góð áhrif á agann í bekknum.

- Ekki höfðu allir kennarar skoðað lesefnið og annað efni um námsstíl sem sett hafði verið inn á sameign kennara í tölvukerfi skólans.
- Um helmingur telur að ytri aðstaða í skólanum hindri að við getum unnið samkvæmt námsstílslíkaninni Dunn og Dunn að fullu.
- Ríflega helmingur hafði prófað að vinna með einhverja þætti úr námsstílslíkaninu.
- Um $\frac{3}{4}$ hluti kennaranna telur að hann muni vinna eitthvað með námsstíl næsta vetur.
- Flestir ræða og hugsa meira um námsstíl nú en áður.
- Öllum fannst þetta þróunarverkefni vera skólastarfinu til góðs.

Spurt var hvað hefði gengið vel og hvað mætti betur fara.

Almennt töldu kennararnir að verkefnið hefði gengið vel. Það hefði lífgað upp á skólastarfið og komið af stað faglegri umræðu um kennsluhætti. Einn sagði: „Þetta er bara ótrúlega skemmtilegt og gefandi verkefni, þroskandi fyrir skólastarf þeirra sem þátt taka og að öllu leyti mjög mikilvæg viðbót í skólastarfið“. Flestum fannst þetta góð byrjun og vonuðust til að halda áfram næsta vetur.

Varðandi hvað mætti betur fara kom fram að leggja mætti meiri áherslu á að þetta er verkefni alls skólans og að viðhorf allra sem í skólanum starfa þurfi að vera jákvætt til verkefnisins svo ekki verði óþarfa nöldur um hitt og þetta. Sumir telja að húsnæðið sé ekki nógu rúmgott til þess að hægt sé að taka tillit til allra, vantaði fleiri þægilega staði og úrræði til að breyta lýsingu. Jafnframt kom fram að það vantaði meiri tíma til þess að vinna að og undirbúa verkefnið.

Spurt var hvað kennurum fyndist að við ættum að gera til þess að halda áfram með verkefnið?

Það helsta sem kom fram var að þeir sem eru jákvæðir og eru tilbúnir að nýta það úr þessu verkefni sem þeir vilja mega ekki láta þá sem ekki hafa áhuga á þessu slökkva á hinum. Að skólastjóri og deildarstjórar þurfi að standa vel við bakið á þeim sem hafa virkilegan áhuga á að prófa þetta markvisst. Gefa þurfi fólki tíma til að ræða saman, miðla öðrum og undirbúa sig. Nota mætti til þess skipulagsdaga í ágúst, deildarfundi, kennarafundi og málstofur. Að þeir sem ætla að vinna með námsstíl fái einn fundartíma á mánuði til að vinna saman og til undirbúnings. Halda mætti fleiri námskeið og fara í skólaheimsóknir erlendis.

Þegar matið er skoðað í heild má segja að almenn ánægja hafi verið með þróunarverkefnið, bæði innihald og framkvæmd. Allir telja að þetta verkefni hafi verið skólastarfinu til góðs og meirihluti kennaranna telur að það að kynna sér námsstílskenningar og námsstílslíkan Dunn og Dunn muni hafi áhrif á kennsluhætti sína og eru tilbúnir að halda áfram eða byrja að gera tilraunir með að nota þætti úr líkaninu næsta haust. Umræðan um námsstíl hefur vakið upp gagnlega og gefandi faglega umræðu innan kennarahópsins. Það sem aðallega mætti betur fara snýr eins og svo oft áður að tímaleysinu hjá kennurum.

Lokaorð

Við gerðum fimm ára áætlun um hvernig innleiða má námsstílslíkan Dunn og Dunn í skólann. Aðalmarkmiðið fyrsta árið var að fræða starfsfólkið um námsstíl og vekja áhuga á námsstílslíkani Dunn og Dunn. Nú er fyrsta árið búið og náðum við lengra en við ætluðum okkur í upphafi. Nú er að sjá hvernig framhaldið verður og hvort okkur tekst að festa þetta í sessi í skólanum. Að koma til móts við styrkleika nemenda við skipulagningu náms með því að taka mið af námsstíl þeirra skapar jákvæðara viðhorf gagnvart námi og skólastarfinu bæði hjá nemendum og kennurum. Það hjálpar okkur að finna kennsluhætti og aðferðir sem virka fyrir hvern og einn. Það leiðir af sér betri líðan í skóla. Betri líðan og tilfinning gagnvart námi og skóla virkar námshvetjandi og leiðir til betri námsárangurs.

Margir spyrja sjálfan sig hvort einhver nýr kennslufræðilegur sannleikur felist í því að vinna með námsstíl nemenda. Svarið er að það er ekki til einhver einn kennslufræðilegur sannleikur. Engin ein kennslu- og námsaðferð hentar öllum vel. Að læra að vinna samkvæmt námsstíl nemenda er langtímaverkefni hjá kennurum. Það stuðlar að meiri færni í starfi og eykur getuna að leysa ýmis kennslufræðileg vandamál á skapandi og sveigjanlegan hátt. En mikilvægt er að muna að byrja hægt og vinna þetta markvisst skref fyrir skref. Það er hægt að fara margar leiðir að því að einstaklingsmiða nám. Þetta er leið sem samkvæmt rannsóknum hefur leitt í ljós að vera árangursrík og höldum við því ótrauð áfram.

Heimildir og tilvísanir:


- Aspelund, K. og Mägi, P.(Ritstj.). (2009). *En skola för alla stilar*. Göteborg: Göteborgs Stad Utbildning. Ledning og stöd.
- Boström, L. (2003). *Fra undervisning til læring. Læringsstile i praksis*. Frederikshavn: Dafolo A/S.
- Bostöm, L. (2004). *At lære på den bedste måde*. Middelfart: SIS Akademi.
- Dunn, R. og Dunn, K. (1993). *Teaching Secondary Students Through Their Individual Learning Styles. Practical Approaches for Grades 7-12*. Boston: Allyn and Bacon.
- Dunn, R., Dunn, K. og Perrin, J. (1994). *Teaching Young Children Through Their Individual Learning Styles. Practical Approaches for Grades K-2*. Boston: Allyn and Bacon.
- Helle Fisker kennsluráðgjafi
(munnleg heimild 25. febrúar 2009).
- Schmidt, Svend Erik. (2003). *Børns læringsstil. Teori og praksis*. Frederikshavn: Dafolo A/S.
- Tomlinson, Carol Ann. (2001). How to differentiate instruction in mixed-ability classrooms (2. útgáfa). Alexandria: Association for Supervision and Curriculum Development.
- <http://www.creativelearningcentre.com/People.html>
- www.hellefisker.dk
- http://www.nrsi.com/marie_carbo.php
- Námsstílar Dunn og Dunn – leið í einstaklingsmiðuðu námi unnið af Guðbjörgu Emilsdóttur, Guðlaugu Einarsdóttur og Hrund Hjaltadóttur
- http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsstilar_dunn/
- www.snaelandsskoli.is

Fylgiskjöl: Myndir af kennslugögnum


Skífa




Ef merkin aftan á passa saman hefur verkefnið verið leyst rétt.



Vefspjald
Enskar sagnir
Ef þráðurinn passar við línurnar aftan á hefur verið rétt ofið.




Stóru og litlu stafirnir





Vefspjald


Hvað heitir grænmetið og ávextirnir




Klemmuspjald Almenn brot



Gataspjald



Púsl - 2 bitar
Samsett orð



Vefspjald Rím



Stafaspil Fluguspilið og púsl



Fluguspilið er frábært fyrir börn með sterkt hreyfiskyn.
Það má útbúa í alls konar útgáfum í flestum námsgreinum.



Stafabingó




Gólfspil



Rafmagnstaflan



Sætisgildi



Töfraboxið – útbúið úr mjólkurfernum.
Útbúin eru spjöld með spurningu framan á og svari aftan á og þeim rennt inn í
efra opið og svo kemur það út um neðra opið.

